

# FÉLAGSRÁÐGJAFAPING

23. febrúar 2024

8:30-9:00	Innritun og morgunkaffi					
9:00-9:10	Tónlistaratriði					
9:10-9:15	Setning – Steinunn Bergmann formaður FÍ					
9:15-9:25	Ávarp – Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands					
9:25-10:05	Heimildarmynd um 60 ára sögu FÍ					
10:05-10:20	KAFFIHLÉ					
10:20-10:50	Félagsráðgjöf og framtíðir Dr. Laura Nissen prófessor við Portland Háskóla					
10:50-11:50	Félagsráðgjöf í nútíð og framtíð, stutt erindi og pallborð – Dr. Guðný Björk Eydal prófessor og Halldór S. Guðmundsson dósent bæði við Félagsráðgjafardeild HÍ, Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu Akranesbæjar og lektor við Félagsráðgjafardeild HÍ Stjórnandi pallborðs er Guðmundur Gunnarsson fjölmiðlamaður					
11:50-12:00	Úthlutun styrkja úr Vísindasjóði FÍ Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir formaður vísindanefndar					
12:00-13:00	HÁDEGISVERÐARHLÉ					
Lota 1	Stofa D	Stofa E	Stofa F	Stofa G	Stofa H	Stofa I
13:00-14:00	Margbreytileiki, er það farsæld eða orðin tóm?	Fóstur og farsæld: Lengi býr að fyrstu gerð	Innleiðing farsældar á Landspítala – áskoranir og heildarsýn	Skerðingar á mannréttindum íbúa á hjúkrunarheimilum	Sambætting farsældar og barnaverndarþjónustu	Félagsráðgjöf og mansal: Polendamiðuð nálgun
14:00-14:15	KAFFIHLÉ					
Lota 2	Stofa D	Stofa E	Stofa F	Stofa G	Stofa H	Stofa I
14:15-15:15	Ofbeldi og óstöðugleiki, erlendar konur og valdamisvægi	Virknihús Reykjavíkurborgar – engin tvö eru eins	Árangur og áskoranir – farsæld fyrir fagfólk, foreldra og börn – <a href="http://www.samvinnaeftirskilnad.is">www.samvinnaeftirskilnad.is</a>	Úr einsleitni í margbreytileika	Farsæld barna – staða innleiðingar	Félagsþjónusta á tímum hamfara: Áskoranir og aðferðir
15:15-15:30	KAFFIHLÉ					
Lota 3	Stofa D	Stofa E	Stofa F	Stofa G	Stofa H	Stofa I
15:30-16:30	Þróunarverkefni til að rjúfa félagslega einangrun barna og unglinga	Stuðningur við ættleidda og fjölskyldur þeirra	Áfangheimili fyrir konur sem ljúka meðferð vegna fíkniröskunar og mikilvægi félagsráðgjafar	Endurhæfing fyrir börn og foreldra á lífsgæðasetri St. Jó	Einstaklingar af erlendum uppruna og starfsendurhæfing	Stuðningur við aðstandendur þeirra sem glíma við fíknivanda
16:30-18:00	MÓTTAKA					

## Margbreytileiki, er það farsæld eða orðin tóm?

### Stofa D

**Umsjón umræðustofu:** Guðrún H. Sederholm

Eins og fram kemur í 2. gr. Siðareglna FÍ þá beitir félagsráðgjafi sér fyrir sífelldri umræðu um siðferðisleg gildi í samfélaginu svo sem inngilding, margbreytileika og jaðarsetningu. Umræður verða í hópum með það að markmiði að auka skilning á hugtökunum og skerpa til þess að valdefla félagsráðgjafa og hafa áhrif á stefnumörkun stjórnvalda. Guðrún H. Sederholm félagsráðgjafi.

## Fóstur og farsæld: Lengi býr að fyrstu gerð

### Stofa E

**Umsjón málstofu:** Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Fjallað verður um fóstur og farsæld út frá mismunandi sjónarhornum. Fjallað verður um tvær nýjar rannsóknir á uppkomnum fósturbörnum og afdrifum þeirra. Önnur þeirra er meginleg en hin er eigindleg. Skoðað verður hvernig uppkomnum fósturbörnum hefur reitt af á ungfyllorðinsaldri, fyrstu árin eftir að fósturi lýkur. Skyggst er einnig inn í hugarheim þeirra í eigindlegu rannsókninni til að sjá upplifanir þeirra af fósturráðstöfunum af hálfu barnaverndaryfirvalda og af fósturinu sjálfu sem slíku. Í þriðju rannsókninni er fjallað um upplifanir fósturforeldra af því að vera með börn í skammtímafóstri og af stuðningi af hálfu barnaverndaryfirvalda gagnvart fósturforeldrum. Í fjórðu rannsókninni er skyggst inn í hugarheim barna sem fyrir eru á fósturheimilum þegar fósturbarn kemur þar inn eða fóstursystkini fósturbarna. Skoðaðar eru upplifanir fóstursystkinanna af undirbúningi fyrir að fá fósturbarn inn á heimilið, hvaða áskoranir þau kljást við í því hlutverki og upplifanir af stuðningi af hálfu foreldra sinna og af hálfu barnaverndaryfirvalda. Sérstaklega verður komið inn á það hvernig hægt sé að auka farsæld fósturs með viðeigandi undirbúningi og í hverju hann felist út frá rannsóknarniðurstöðum þessara rannsókna. Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir félagsráðgjafi og prófessor, Heiður Sævarsdóttir, Hrönn Kristín Angantýsdóttir og Vigdís Lea Kjartansdóttir MA nemar í félagsráðgjöf.

## Innleiðing farsældar á Landspítala – áskoranir og heildarsýn

### Stofa F

**Umsjón málstofu:** Guðlaug M. Júlíusdóttir

Rætt verður um innleiðingu nýrra farsældarlaga á Landspítala. Skipaður var vinnuhópur sem heldur utan um innleiðinguna en flækjustigið er hátt, sérstaklega í ljósi þess að sama tíma er hópnum ætlað að innleiða nýtt lagaákvæði um börn sem aðstandendur sem snýr að fullorðnum sjúklingum í þjónustu spítalans sem stríða við fíkn, geðrænar áskoranir eða aðra langvinna/illvíga sjúkdóma. Þannig þarf hópurinn að innleiða nýja sýn, nýtt verklag og nýjar lausnir í tölvukerfi spítalans með heildarsýn að leiðarljósi.

Dagskrá:

13:00-13:15 Verkefnastjóri verkefnisins-hvað þarf að hafa í huga við innleiðingu á verkefninu, hvað er búið og hvað er eftir. Birta Mjöll Klemensdóttir verkefnastjóri

- 13:15-13:30 Innleiðing farsældar á Barnaspítala Hringsins og BUGL-börn með líkamlega sjúkdóma og börn með geðrænar áskoranir, ólík en samt lík. Bryndís Ósk Gestsdóttir og Guðlaug M. Júlíusdóttir félagsráðgjafar
- 13:30-13:45 Fulltrúar deilda sem sinna fullorðnum-Fjölskyldumiðuð þjónusta á geðdeildum Landspítala, hvað ber að hafa í huga. Gunnlaug Thorlacius félagsráðgjafi og Halldóra Friðgerður Víðisdóttir hjúkrunarfræðingur
- 13:45-14:00 Umræður

## Skerðingar á mannréttindum íbúa á hjúkrunarheimilum

### Stofa G

**Umsjón málstofu:** Halldór S. Guðmundsson

Hvaða áhrif hefur flutningur eldra fólks á hjúkrunarheimili á almenn mannréttindi þeirra? Í rúm 30 ár hefur reglulega komið fram umræða og ákall um breytingar á greiðsluþátttöku og réttarstöðu einstaklinga sem flytja á hjúkrunarheimili. Markmiðið sé að þeir búi að fjárhagslegu sjálfstæði og öðrum almennum réttindum til jafns við aðra íbúa landsins. Í drögum að stefnu um samþætta heilbrigðis- og félagsþjónustu fyrir eldra fólk frá júní 2021 og aðgerðaáætlun stjórnvalda út frá þeim drögum, eru tillögur og aðgerðir sem miða að því að breyta núverandi greiðsluferfi. Í málstofunni verður sjónum beint að þeim breytingum og skerðingum mannréttinda sem fylgja því þegar einstaklingar þurfa að sækja sér heilbrigðis-, félags- og búsetuþjónustu á hjúkrunar- og dvalarheimilum hérlendis. Fjallað verður um stöðu eldra fólks sem býr á hjúkrunarheimili og aðstandenda þeirra út frá fjárhagslegu og persónulegu sjálfsræði og skerðingum á réttindum sem fylgja. Fjallað verður um efnið út frá lagalegu sjónarhorni, stefnumiðum og áherslum ásamt samanburði við önnur lönd. Leitast verður við að draga fram ábendingar og viðhorf aðstandenda. Erindi flytja Halldór S. Guðmundsson félagsráðgjafi og dósent, Helga Jónsdóttir viðskiptalögfræðingur og Dr. Sigurveig H. Sigurðardóttir félagsráðgjafi og prófessor.

## Samþætting farsældar og barnaverndarþjónustu

### Stofa H

**Umsjón málstofu:** Sólveig Sigurðardóttir

Fjallað er um þær breytingar sem ný farsældarlög boða í allri þjónustu við börn og ungmenni og þá sérstaklega í barnaverndarþjónustu. Áhersla er á farsæld í velferðarþjónustu og stigskipta þjónustu á 2. og 3. stigi, ásamt samstarf og samvinnu málstjóra. Fjallað er um samþættingu barnaverndar og farsældar, upplifun barnaverndarstarfsmanna af farsældarlögunum og þær breytingar sem hafa orðið á barnaverndarþjónustu með tilkomu laganna.

Dagskrá:

- 13:00-13:15 Heildstæð farsældarþjónusta fyrir öll börn - samþætting farsældar og barnaverndarþjónustu. Sólveig Sigurðardóttir félagsráðgjafi og lektor
- 13:15-13:30 Upplifun og væntingar barnaverndarstarfsmanna til farsældarlaga. Helga Sólveig Jensdóttir MA nemi í félagsráðgjöf
- 13:30-13:45 Breytingarnar í barnaverndarþjónustu með tilkomu farsældarlaga. Silja Rós Guðjónsdóttir félagsráðgjafi
- 13:45-14:00 Umræður

## Félagsráðgjöf og mansal: Þolendamiðuð nálgun

### Stofa I

**Umsjón málstofu:** Helena N. Wolimbwa

Málstofan fjallar um stöðu mansalsmála á Íslandi og setur hana í samhengi við stöðuna í heiminum öllum. Farið verður yfir skipulag vinnu tengda mansali á Íslandi og greint frá fræðsluferð til Þýskalands sem félagsráðgjafar o.fl. tóku þátt í.

Dagskrá:

- |             |  |
|-------------|--|
| 13:00-13:15 | Staða mansalsmála á Íslandi og alþjóðlegar áskoranir. Alda Hrönn Jóhannesdóttir yfirlögfræðingur   |
| 13:15-13:30 | Kynning á mansalsteymi Bjarkarhlíðar. Jenný Kristín Valberg teymisstjóri   |
| 13:30-13:50 | Vinna félagsráðgjafa með þolendum mansals í gegnum árin og það sem er fram undan í málaflokknum. Edda Ólafsdóttir og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir félagsráðgjafar |
| 13:50-14:00 | Umræður  |

### Lota 2 kl. 14:15-15:15

## Ofbeldi og óstöðugleiki, erlendar konur og valdamisvægi

### Stofa D

**Umsjón málstofu:** Guðrún Kristinsdóttir

Ofbeldi gegn konum jókst í Covid- 19 heimsfaraldrinum sem leiddi til félagslegrar aðgreiningar. Stjórn mála- og hugmyndafræðileg kreppa jók á jaðarsetningu auk stríðsátaka rússneskra stjórnvalda gegn Úkraínu. Hér á landi jukust tilkynningar til lögreglu um ofbeldi í nánnum samböndum allt að 30% miðað við 5 ára tímabil og svipað varð um tilkynningar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Erindið fjallar um tvö verkefni á ofbeldi sem hópur á Menntavísindasviði HÍ stendur að með fjárstyrk frá Rannís og Jafnréttissjóði. Markmiðin eru almenn; að auka þekkingu á ofbeldisformum og varpa ljósi á kerfislægt ofbeldi. Hagnýt markmið eru að hafa áhrif á stefnumótun og stuðning. Fyrra verkefnið snýr að ofbeldi í nánnum samböndum, svo sem karlmennsku, feðrun, samböndum ungs fólks og samfélagslegri ofbeldisorðræðu. Gögn byggja á viðtölum og greiningu á orðræðu fjölmiðla. Seinna verkefnið snýr að lítt rannsökuðu efni hér á landi sem er ofbeldi gegn erlendum konum á vinnustöðum og samskiptum þeirra við yfirvöld. Það veitir innsýn í aðild opinberra stuðningsaðila sem erlendar konur leita til um úrlausnir og byggir á viðtölum. Það er brýnt að skoða leynda og kerfislæga þætti sem stuðla að og viðhalda valdamisvægi og ofbeldi af ýmsu tagi. Niðurstöður eru settar í samhengi við félagslegan óstöðugleika nútímans. Dr. Guðrún Kristinsdóttir félagsráðgjafi og prófessor.

## Virknihús Reykjavíkurborgar – engin tvö eru eins

### Stofa E

**Umsjón umræðustofu:** Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir

Virknihús var stofnað 1. júní 2021. Virkniús er starfsemi en ekki hús og er markmiðið að öll virkniúrræði Reykjavíkurborgar séu undir sama hatti sem minnkar flækjustig og einfaldar utanumhald. Í Virkniúsi getur fólk valið um margbættar leiðir til virkni og aukinnar þátttöku í samfélaginu. Endurhæfing í Virkniúsi felur í sér að fá aðstoð fagfólks til þess að komast aftur í áframhaldandi nám og/eða á vinnumarkað. Markmiðið er að bæta lífsgæði fólks og auka tækifæri þess í lífinu með áherslu á sjálfstyrkingu, nám og bata. Úrræðin í Virkniúsi eru eftirfarandi: Atvinna- og virknimiðlun, Bataskóli Íslands (samvinnuverkefni), Grettistak, IPS, TINNA en einnig heyrja áfangaheimilin Brautin og Njála undir Virkniús. Fjallað verður stuttlega um úrræðin og farið yfir niðurstöður notendakannana og rætt um tækifæri og áskoranir við þróun virkniúrræða. Dóra Guðlaug Árnadóttir, Elín Guðjónsdóttir og Þuríður Sigurðardóttir félagsráðgjafar.

## Árangur og áskoranir – farsæld fyrir fagfólk, foreldra og börn – [www.samvinnaeftirskilnad.is](http://www.samvinnaeftirskilnad.is)

### Stofa F

**Umsjón málstofu:** Gyða Hjartardóttir

Í málstofunni verður sjónum beint að því hvernig SES hugmyndafræðin reynist fagfólki í starfi en SES verkfærið er eina sinnar tegundar á Íslandi sem er hugsað sem verkfæri og sjálfstyrking fyrir bæði fagfólk, foreldra og börn. Áður hefur athyglinni verið beint að árangri stafræna vettvangs SES fyrir foreldra og börn en í þetta skiptið verður athyglinni beint að innleiðingu hugmyndafræðinnar / aðferðarinnar hjá sveitarfélögum og fagfólkinu sjálfu. Hvernig nýtist SES fagfólki til að efla sig í starfi og mæta þörfum íbúa sveitarfélaga fyrir fjölskyldu- og skilnaðarráðgjöf? Hver er reynslan af því að nota SES með foreldrum á Íslandi?

Dagskrá:

- 14:15-14:30 Innleiðing SES-námskeiða hjá Reykjavíkurborg og reynslan af því að nota SES í starfi félagsþjónustunnar. Anna Elísa Gunnarsdóttir og Inga Sigríður Björnsdóttir félagsráðgjafar
- 14:30-14:45 Reynsla Akranesbæjar af SES tengt farsældarvinnu og málefnum foreldra og barna. Sólveig Sigurðardóttir félagsráðgjafi og lektor og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og sviðsstjóri
- 14:45-15:00 Staða innleiðingar SES á landsvísu og nýtt efni fyrir fagfólk. Gyða Hjartardóttir félagsráðgjafi
- 15:00-15:15 Umræður

## Úr einsleitni í margbreytileika

### Stofa G

**Umsjón málstofu:** Jódís Bjarnadóttir

Málstofa á vegum fagdeildar fjölmenningsráðgjafa þar sem farið verður yfir niðurstöður tveggja rannsókna sem snúa að reynslu félagsráðgjafa og fagfólks sem vinna með flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd. Einnig verður samtali um reynslu félagsráðgjafa af vettvangi í vinnu með flóttafólki og einstaklingum/fjölskyldum af erlendum uppruna. Hugleiðingar um farin veg og framtíðin.

Dagskrá:

- 14:15-14:30 Kynning á niðurstöðum MA rannsóknar í Hnatrænum fræðum "Ég held að allir séu bara að gera sitt besta alls staðar": Reynsla einstaklinga sem starfa með flóttafólki og umsækjendum um alþjóðlega vernd á Íslandi. Gyða Margrét Kristjánsdóttir

- 14:30-14:45 Kynning á frumíðurstöðum rannsóknar um reynslu hinsegin flóttafólks á Íslandi – frásagnir félagsráðgjafa. Dr. Guðbjörg Ottósdóttir félagsráðgjafi og dósent
- 14:45-15:00 Reynsla félagsráðgjafa af vettvangi í vinnu með flóttafólki – hugleiðingar um farin veg og framtíðin. Edda Ólafsdóttir, Hildur Aðalsteinsdóttir og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir félagsráðgjafar
- 15:00-15:15 Umræður

## Farsæld barna – staða innleiðingar

### Stofa H

**Umsjón málstofu:** Hulda Björk Finnsdóttir og Páll Ólafsson

Nú hafa lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna verið í gildi í rúmlega tvö ár og mikil vinna átt sér stað við að innleiða farsældarlögin. Lögin kveða á um að öll börn og fjölskyldur þeirra hafi aðgang að samþættri þjónustu án hindrana, í sínu nærumhverfi.

Dagskrá:

- 14:15-14:30 Barna- og fjölskyldustofa leiðir innleiðingu laganna og er mikilvægt að staldra við og skoða hvar við erum stödd í innleiðingunni. Hvaða áskoranir hafa verið á leiðinni, hvaða tækifæri hafa komið í ljós og hvert viljum við stefna. Elísabet Sigfúsdóttir félagsráðgjafi og Halla Björk Marteinsdóttir félagsfræðingur.
- 14:30-15:00 Reykjavíkurborg innleiðir farsældarlögin í gegnum samstarfsvettvanginn Betri borg fyrir börn á miðstöðvum borgarinnar sem eru fjórar talsins. Þar er sameinað flest það fagfólk sem starfar með og fyrir börn í hverju hverfi fyrir sig, með því markmiði að færa þjónustu nær börnum og fjölskyldum þeirra. Sagt verður frá innleiðingu farsældarþjónustunnar hjá Reykjavíkurborg frá ólíkum sjónarhornum og starfseiningum borgarinnar. Málstjórar farsældar og tengiliðir farsældar segja frá sínu verkefnum, greint verður frá dæmisögum úr daglegu starfi og fl. Hulda Björk Finnsdóttir félagsráðgjafi og Hákon Sigursteinsson sálfræðingur.
- 15:00-15:15 Umræður

## Félagsþjónusta á tímum hamfara: Áskoranir og aðferðir

### Stofa I

**Umsjón málstofu:** Ragnheiður Hergeirsdóttir

Sveitarfélög leika lykilhlutverk í viðbragðskerfi almannavarna og mikil áhersla er lögð á að viðbragðsaðilar í héraði geti sinnt þeim verkefnum sem takast þarf á við á neyðar stundu auk þess sem uppbygging eftir samfélagsleg áföll er nánast alfarið á höndum sveitarfélaga. Vaxandi áhersla er um allan heim á hlutverk félagsþjónustu í tengslum við hamfarir og samfélagsleg áföll því félagsþjónustan býr yfir mikilvægri þekkingu á aðstæðum og þörfum fólks í viðkvæmri stöðu og á viðnámsþroti og tjónnæmi samfélagsins í heild sinni. Dagleg viðfangsefni félagsþjónustu snúa að því að vinna með tjónnæmum hópum og það sama á við á tímum samfélagslegra áfalla. Í málstofunni verður fjallað um stöðu þekkingar á sviðinu, nýlega reynslu félagsráðgjafa í félagsþjónustu af því að starfa á hamfaratímum og um helstu áskoranir og aðferðir.

Dagskrá:

14:15-14:30	Mikilvægi félagsþjónustu á tímum hamfara: Staða þekkingar. Dr. Guðný Björk Eydal félagsráðgjafi og prófessor og Ragnheiður Hergeirsdóttir félagsráðgjafi og lektor
14:30-14:45	Að hoppa í djúpu laugina án kúts og korks. Júlía Sæmundsdóttir félagsráðgjafi og félagsmálastjóri
14:45-15:00	Að veita félagsþjónustu á tímum óvissu. Thelma Björk Guðbjörnsdóttir félagsráðgjafi
15:00-15:15	Umræður

## Lota 3 kl. 15:30-16:30

### Þróunarverkefni til að rjúfa félagslega einangrun barna og unglunga

#### Stofa D

**Umsjón málstofu:** Sigbrúður Birta Jónsdóttir

Velferðarþjónustan í Árborg hefur unnið að verkefni í samstarfi við félagsmiðstöðina Zelsíus sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun barna og unglunga ásamt því að beita snemmtækri íhlutun. Verkefnið fékk íslensku menntaverðlaunin í vetur fyrir framúrskarandi þróunarverkefni. Fjallað verður um aðdraganda verkefnisins, markmið, helstu áskoranir og ávinning. Auk þess að ræða hvernig frístundastarf eflir farsæld barna. Sigbrúður Birta Jónsdóttir félagsráðgjafi og Arnar Helgi Magnússon tómstunda- og félagsmálafræðingur.

### Stuðningur við ættleidda og fjölskyldur þeirra

#### Stofa E

**Umsjón málstofu:** Rut Sigurðardóttir

Ættleiðingar hafa verið hluti af samfélagi okkar í einhverskonar mynd alla tíð. Málaflokkurinn hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina og undanfarin ár hefur verið lögð aukin áhersla á þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra í tengslum ættleiðingarferlið. Árið 2023 lauk ég starfendarannsókn þar tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvernig þjónusta við fjölskyldur ættleiddra, fyrir, meðan og eftir ættleiðingu hefur breyst og þróast. Niðurstöður sýndu að með þeirri fagþróun sem ég fór í gegnum í námi og starfi, ásamt þeim breytingum sem hafa orðið á þjónustu Íslenskrar ættleiðingar, hefur orðið til umfangsmikil þjónusta hjá félaginu. Þessi áhersla sem hefur orðið til hér á landi samræmist þeirri þjónustubörf sem erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að sé nauðsynleg fyrir fjölskyldur ættleiddra. Niðurstöður sýndu einnig fram á áframhaldandi þörf á að auka skilning á fortíð og áskorunum ættleiddra barna með fræðslu og ráðgjöf og skoða þurfi hvernig hin ýmsu samfélagslegu kerfi geta haldið áfram að hlúa að velferð ættleiddra barna og fjölskyldum þeirra. Rut Sigurðardóttir félagsráðgjafi.

### Áfangaheimili fyrir konur sem ljúka meðferð vegna fíkniröskunar og mikilvægi félagsráðgjafar

#### Stofa F

**Umsjón málstofu:** Erla Björg Sigurðardóttir

Almennt styðja áfangaheimili við konur þegar þær koma úr meðferð vegna fíkniröskunar við að aðlagast lífi án neyslu áfengis og/eða annarra vímuefna. Áfangaheimili fyrir konur eru ekki eingöngu til að veita húsaskjól; þau bjóða upp á umhverfi sem stuðlar að bata og aðlögun að aukinni virkni í samfélaginu ásamt því að þetta tengsl þeirra við fjölskyldu og vini. Þau hafa á að skipa fyrirkomulagi sem veitir þeim skipulagt og stöðugt umhverfi til að

ná tökum á að halda sér frá neyslu og breyta lífi sínu. Bati frá vímuefnafíkn er breytingarferli sem krefst ástundunar á breyttum venjum í umgengni við annað fólk og almennar aðstæður í umhverfi hvers og eins. Það er oft flókið að hefja bataferli þegar um langvarandi og fjölbættan félagslegan vanda er að etja vegna neyslu áfengis og/eða annarra vímuefna. Margar konur þurfa stuðning vegna eftirfylgdar í tengslum við aðila sem koma að þeirra málum eins og barnavernd, félagsþjónustu, starfsendurhæfingu, almenna heilsugæslu, sérhæfða göngudeildarmeðferð o.fl. Það er því áriðandi að aðkoma félagsráðgjafa sé með markvissri málastjórn í málefnum þeirra til að draga úr hindrunum innan heilbrigðis og félaglaga kerfinu sem oft reynist þeim erfiðar. Erla Björg Sigurðardóttir félagsráðgjafi og forstöðukona áfangaheimilis. Erla Björg Sigurðardóttir og Kristín Lilja Diðriksdóttir félagsráðgjafar.

## Endurhæfing fyrir börn og foreldra á Lífsgæðasetri St. Jó

### Stofa G

**Umsjón málstofu:** Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir

Árið 2023 setti fyrirtækið Tengslamat saman teymi fagaðila sem veita börnum og umönnunaraðilum þjónustu sem er fólgin í að endurhæfa fjölskyldur þar sem unnið er með tengsl, traust og áföll. Markmið meðferðar er að byggja upp innihaldsríkari tengslasambönd barna við umönnunaraðila sína. Börnin ásamt umönnunaraðilum sækja tengslaeflandi meðferð sem er fólgin í viðtalsmeðferð, leik og nándarvinnu sem er veitt af félagsráðgjafa og jógakennara sem einnig sérhæfir sig í nuddi. Börnin sækja sálfræðiviðtöl þar sem dýr eru til staðar og reiki heilun hjá hjúkrunarfræðing. Þá sækja börn og foreldrar einnig ADHD eða einhverfu markþjálfun, talþjálfun, iðjuþjálfun, listmeðferð og sorgarmeðferð eftir þörfum, en öll þjónusta er veitt meðal fagaðila innan Lífsgæðaseturs St. Jó í Hafnarfirði. Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir félagsráðgjafi.

## Endurhæfing fólks af erlendum uppruna

### Stofa H

**Umsjón málstofu:** Helena Konráðsdóttir og Nadía Borisdóttir

Hver er staða í endurhæfingarmálum einstaklinga af erlendum uppruna? Fjallað verður um stöðu mála, áskoranir og tækifæri.

15:30-15:50 Í erindinu verður farið yfir stöðu þjónustuþega VIRK sem eru af erlendum uppruna. Sagt verður frá reynslu VIRK af þjónustu við þennan hóp. Hverjar eru áskoranirnar? Fjallað verður um raundæmi, sem lýsa þeim áskorunum sem bæði VIRK og einstaklingarnir hafa staðið frammi fyrir. Helena Konráðsdóttir félagsráðgjafi.

15:50-16:10 Er pláss fyrir þennan hóp í næstu aðgerðaráætlun heilbrigðisráðuneytisins um heilbrigðistengda endurhæfingu? Hvernig gengur okkur sem störfum á Reykjalundi ehf. að mæta þörfum ólíkra hópa? Farið verður yfir stöðu mála í endurhæfingu þess hóps þá og nú, rætt um nýjar áherslur, leiðir og framtíðarsýn. Nadía Borisdóttir félagsráðgjafi.

16:10-16:30 Umræður

## Stuðningur við aðstandendur þeirra sem glíma við fíknivanda

### Stofa I

**Umsjón málstofu:** Gunnlaug Thorlacius



Undanfarið hefur umræðan um þörf fyrir stuðning við aðstandendur þeirra sem glíma við geð- og fíknivanda Landspítala verið vaxandi og ljóst að þarf að bregðast betur við. Alvarlegir sjúkdómar leggjast oft jafnt á þá sjúklingana sjálfa og aðstandendur þeirra. Starfsfólk geðdeilda er meðvitað um þá vanlíðan sem tengist því að ástvinir glími við alvarlega sjúkdóma og það flókna hlutverk sem fjölskylda og vinir standa frammi fyrir. Aðstandendur eru oftast þeir sem eru í stuðningsneti þess veika og upplifa gjarnan að þeir þurfi að berjast við að fá aðstoð þegar sjúkdómurinn tekur sig upp. Það er vilji starfsfólks geðþjónustu að gera sem best við þennan hóp og reyna að mæta honum af fagmennsku og með hliðsjón af hlutverki aðstandenda. Mikil vinna hefur verið lögð í að búa til verklag sem tryggir að aðstandendur eigi þátt í bataferli sé þess óskað. Þetta felur í sér markvissa vinnu með aðstandendum sem byggir á gagnreyndum aðferðum, skimun vegna barna undir lögdri á grundvelli laga um börn sem aðstandendur og skipulega skráningu til að tryggja vönduð vinnubrögð. Erindinu er ætlað að velta upp hugmyndum um hvaða nálgun gæti reynst farsælust og skapa samtal um hvaða leiðir gætu verið góðar til styðja við aðstandendur og vinna með þennan hóp.

#### Dagskrá:

- |             |   |
|-------------|---|
| 15:30-15:45 | Stuðningur við aðstandendur þeirra sem glíma við fíknivanda. Gunnlaug Thorlacius félagsráðgjafi og Dr. Guðrún Dóra Bjarnadóttir lækni     |
| 15:45-16:00 | Miðstöð fyrir þolendur heimilisofbeldis – Jóhanna Erla Guðjónsdóttir, Hrund Óskarsdóttir og Björg Ragnheiður Vignisdóttir félagsráðgjafar |
| 16:00-16:15 | Að ræða um alvarleg veikindi; stuðningur við foreldra um samtal við börn – kemur síðar  |
| 16:15-16:30 | Umræður   |